

Reykjagarður hf.
Magnús Huldar Inghórssón
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 22. ágúst 2019
UST201902-308/gf
08.12.02

Varðar vettvangsheimsókn í reglubundið eftirlit 2019 – Reykjagarður, Jarlsstaðir

Þann 3. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í alifuglabúi Reykjagarðs (Rangárbús) að Jarlsstöðum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit. Bent var á að merkja þurfi gám með dýrahæjum utandyra. Breyta þarf farvegi fyrir sjálfdaud dýr frá búinu.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Rakek Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður hf. Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.7.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Reykjagarður hf.	Eftirlitsmaður	Rakel Kristjánsdóttir
Heimili	Fossháls 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingþórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Þorsteinsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlitið. Ein ábending var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Reykjagarði hf. að Jarlsstöðum í Rangárþingi ytra. Magnús Huldar Ingþórsson frá Reykjagarði og Þór Þorsteinsson frá Rangárbúi voru fulltrúar rekstraraðila og Rakel Kristjánsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili er með nýtt starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun, 26. febrúar 2019 og gildir til 2035.

Starfsleyfið tekur til eldis alifugla (kjúklinga) og reksturs alifuglabús í þeim tilgangi. Heimild er fyrir búi með staði fyrir 60.000 fugla í fjórum eldishólfum ásamt þjónustuhúsi. Lífmassi á hvern fermeter skal aldrei fara yfir 39 kg/m².

Dagskrá:

Fundur

- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
- Kröfur í starfsleyfi
- Umhverfismarkmið
- Mengunaróhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar
- Önnur mál

Skoðun í fyrirtækinu

1. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokkka mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar. Ákveðið hefur verið að eitt reglubundið eftirlit verði í fyrirtækinu á þessu ári.

2. Kröfur í starfsleyfi

Tengiliður rekstraraðila sem ber ábyrgð á samskiptum við Umhverfisstofnun og framkvæmd viðbragðsáætlaða er Magnús Huldar Ingþórsson.

Starfsleyfið er nýlegt og fulltrúar Umhverfisstofnunar höfðu ekki komið í eftirlit að Jarlstöðum fyrr. Engin eldri frávik eða athugasemdir eru því útistandandi.

2.a BAT kröfur hafa verið innleiddar í íslenska löggjöf og í reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, nr. 550/2018, segir að útgefandi starfsleyfis skuli innan fjögurra ára frá birtingu BAT-niðurstaðna (innan fjögurra ára frá 2017) tryggja að öll starfsleyfis skilyrði séu endurmetin og ef nauðsyn krefur uppfærð.

2.b Farið var yfir kröfur til loftgæða, ryks og hreinsun útblásturslofts. Rekstraraðili skal gæta þess ryk, hættulegar og daunillar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Í samtali við fulltrúa rekstraraðila kom fram að þessir hlutir eru í lagi.

2.c Frárennsli fer í rotþró og siturlagnir. Samið hefur verið við Kölkunarstöð fyrir seyru á Flúðum að taka við uppsöfnuðu fastefni úr rotþrónni. Verktaki við tæmingu rotþróar er Holræsa- og stíflubjónusta Suðurlands ehf. Ekki eru því gerðar athugasemdir við fráveitumál búinsins.

2.d Lögð voru fram gögn sem sýna ráðstöfun úrgangs frá búinu. Úrgangi er safnað í ker utandyra og sjá verktakar um tæmingu kerjanna.

Öllum hæsnaskít er ekið í burtu. Enn er ekki hafinn dreifing húsdýraáburðs á vegum rekstraraðila og því fær Landgræðslan að Gunnarsholti allan hæsnaskít og hann notaður til uppgæðslu. Upplýsa skal móttökuaðila um skilyrði BAT-niðurstaðna við dreifingu húsdýraáburðar og aðrar kröfur í starfsleyfi um hvenær dreifa megi húsdýraáburði frá búinu. Samningur við verktaka vegna dreifingar á húsdýraáburði skal liggja fyrir og eintak af samningnum skal vera í vörslu rekstraraðila. Bygging á haughúsi á Jarlsstöðum er enn ekki hafin. Endurskoða skal

áætlun um nýtingu húsdýraáburðar þegar haughús hefur verið byggt.

Dýrahæ eru flokkuð í lokaða lekahelda gáma. Þvottaefni og sóttvarnaefni eru notuð s.s. „Biogel“ og „Virocid“. Lítið magn spilliefna fellur til á búinu.

Engin lyf eru notuð við eldið og því engir lyfjaafgangar. Fóður smárra unga kemur þó blandað efnunum til varnar hnýslasótt. Þessi íblöndun í fóður telst þó vera fóðurbætur.

2.e Hljóðmengun og lyktarmengun eru ekki vandamál að sögn rekstraraðila.

2.f Vel er haldið utan um skráningar á framleiðslu. Skýrslur um útstreymisbókhald og grænt bókhald skulu berast árlega fyrir 1. maí.

3. Umhverfismarkmið / Umhverfisstjórnunarkerfi

Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið og rætt um mikilvægi þess að starfsmenn séu upplýstir um umhverfismarkmið í fyrirtækinu. Að allir séu að róa samtaka og í sömu átt að því að ná markmiðunum.

Gögn vegna umhverfisstjórnunarkerfis hafa verið send stofnuninni en rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi sem skal að liggja fyrir 26. ágúst nk. og vera aðgengilegt eftirlitsaðila (sex mánuðum eftir útgáfu starfsleyfisins). Sjá einnig fylgiskjal 1 í starfsleyfi rekstraraðila.

4. Mengunaróhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar

Áhersluverkefni eftirlitsmanna í mengunarvarnarefiliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaróhappa. Lögð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tölvupóstfangið ust@ust.is.

5. Önnur mál

Skoða þarf betur farveg fyrir sjálfdauð dýr. Í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009/EB innleidd hérlendis.

Samkvæmt 9. grein reglugerðarinnar falla sjálfdauð dýr og sýktir skrokkar af svínunum og alifuglum í 2. áhættuflokk. Samkvæmt 13. grein reglugerðarinnar skal farga efni í 2. áhættuflokki með brennslu eða urða á viðurkenndum urðunarstað að undangenginni þrýstisæfingu. Merkja skal á varanlega hátt efni sem er urðað að undangenginni þrýstisæfingu.

Aðstaða til brennslu eða þrýstisæfingar á áhættuvefjum er vandfundin á Íslandi. Umhverfisstofnun getur, ef aðrar leiðir eru ekki færar, veitt leyfi fyrir urðun sýktra vefja en það er engin framtíðarlausn.

Skoðun í fyrirtækinu

Gengið var umhverfis búið með fulltrúum rekstraraðila. Snyrtilegt var um að litast. Fjórir tvöfaldir 2500 lítra olíugeymar og einn 400 lítra olíugeymir eru á búinu vegna varaafis, bæði loftræstingar, ljósa og hita. Snyrtilegt er um þá gengið.

Aðskilin úrgangsker og gámar standa utandyra og eru tæmd af verktökum.

Ekki var vart við meindýr eða ólykt frá búinu þegar eftirlitið fór fram.

ÁBENDINGAR


Móta þarf umgengni um sjálfdauð dýr og förgun dýrahæja að kröfum reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009/EB innleidd hérlendis.

Samkvæmt 9. grein reglugerðarinnar falla sjálfdauð dýr og sýktir skrokkar af svínunum og alifuglum í 2. áhættuflokk. Samkvæmt 13. grein reglugerðarinnar skal farga efni í 2. áhættuflokki með brennslu eða urða á viðurkenndum urðunarstað að undangenginni þrýstisæfingu. Merkja skal á varanlega hátt efni sem er urðað að undangenginni þrýstisæfingu.

Gerð er krafa um að þegar sjálfdauðum dýrum frá eldinu er safnað í gám utandyra þá sé sá gámur merktur í samræmi við kröfur í reglugerð (áhættuflokkur 2).

Aðstaða til brennslu eða þrýstisæfingar á áhættuvefjum er vandfundin á Íslandi. Umhverfisstofnun getur, ef aðrar leiðir eru ekki færar, veitt leyfi fyrir urðun sýktra vefja en það er engin framtíðarlausn.

Reykjavík, 22.08.2019



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.